

Landsvirkjun Power í útrás:  
**Hanna virkjun í  
Tergi í Georgíu**

**ORKUMÁL** Landsvirkjun Power, dótturfélag Landsvirkjunar, og verkfræðistofan Verkís hafa gert samning við orkufyrirtæki í Georgíu um hönnun nýrrar vatnsaflsvirkjunar í Georgíu.

Virkjunin verður í ánni Tergi í Kákasusfjöllum, nærri rússnesku landamærunum. Hönnuð verður rennslisvirkjun með stíflu, 1,6 kílómetra löngum veituskurði og sex kílómetra aðrennslisgöngum, að því er fram kemur á vef Landsvirkjunar. Verkinu á að ljúka árið 2014. - bj

